

**Styrktarsjóðir Háskóla Íslands,  
sameiginlegur ársreikningur**

**Ársreikningur 2016**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS  
STYRKTARSJÓÐIR**

# Skýrsla stjórnar

Í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru fimmtíu og átta sjóðir og gjafir sem borist hafa háskólanum allt frá stofnun hans. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá þar sem kveðið er á um hvernig styrkjum skuli úthlutað til ýmissa verkefna nemenda, kennara eða vísindamanna. Fjárreiður Styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Bókhald sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda og Ríkisendurskoðunar. Endurskoðandi sjóðanna er endurskoðunarfyrirtækið PwC og fyrir hönd þess Ljósbrá Baldursdóttir, löggiltur endurskoðandi. PwC hefur jafnframt séð um bókhald sjóðanna frá árinu 2008.

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir fjármál og rekstur í miðlægri stjórnsýslu Háskóla Íslands og hefur gert það frá því í ársbyrjun 2012. Með umsjón Styrktarsjóðanna fer Helga Brá Árnadóttir, verkefnisstjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands.

Jenný Bára Jensdóttir, fjármálastjóri Háskóla Íslands, hefur komið til liðs við Helgu Brá við fjárumsýslu sjóðanna. Jenný Bára fer einnig með prókúru sjóðanna.

Stjórnarmenn Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru Gylfi Magnússon, dósent í Viðskiptafræðideild, sem jafnframt er formaður stjórnar, Ása Ólafsdóttir, lektor í Lagadeild, og Jóhann Ómarsson, viðskiptafræðingur. Varamaður er Sigurður Jóhannesson, aðjunkt og sérfræðingur við Hagfræðistofnun. Stjórnin var skipuð árið 2014. Skipunartími stjórnar er þrjú ár og rann út 31. desember 2016. Stjórn var endurskipuð með sömu stjórnarmönnum í ársbyrjun 2017 til 31. desember 2019.

## Helstu atriði í starfsemi sjóðanna árið 2016

Töluvert var um úthlutanir úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands á árinu, einkum árlegar úthlutanir úr stöndugum sjóðum.

Einn nýr sjóður var stofnaður undir hatti Styrktarsjóða Háskóla Íslands í janúar 2016, Rannsóknasjóður Össurar og Ottobock. Tvö af fremstu stoðfyrirtækjum heims, Össur hf. og Ottobock, settu sjóðinn á fót en honum er ætlað að styðja við rannsóknir sem tengjast taugastjórnun á gervilimum. Fyrirtækin leggja samtals rúmlega 200 milljónir króna í sjóðinn á næstu þremur árum. Stofnfé sjóðsins var 1.000.000 USD.

Þá var nýr styrktarsjóður, Sigrúnarsjóður, færður Háskóla Íslands. Stofnandi sjóðsins er Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emerita í félagsráðgjöf. Við flutning sjóðsins undir hatt Styrktarsjóða Háskóla Íslands undirrituðu Sigrún og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, nýja skipulagsskrá fyrir sjóðinn. Meginmarkmið Sigrúnarsjóðs er að efla rannsóknir og doktorsnám ásamt sérfræðipækkingu í félagsráðgjöf með því að veita fjárstyrki til doktorsverkefna í félagsráðgjöf sem snerta málefni barna og fjölskyldna, frumrannsókna, þ.e. rannsókna sem fela í sér nýsköpun þekkingar á sviðinu, þróunar aðferða á sérsviðum sem varða hagsmuni barna og fjölskyldna, þróunar- og tilraunaverkefna sem efla fræðilegt og faglegt framlag á sviðinu og fræðsluverkefna á sérsviðum félagsráðgjafar sem varða hagsmuni barna og fjölskyldna.

Eftirfarandi styrkir voru veittir á árinu:

- Í janúar var veittur styrkur úr Minningarsjóði Guðrúnar Marteinsdóttir fyrir framúrskarandi námsárangur. Styrkinn hlaut Sigríður Lilja Magnúsdóttir, BS nemandi í hjúkrunarfræði við HÍ og var styrkuppþæð kr. 50.000.
- Í mars voru veittir styrkir úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur í annað sinn. Auglýst var eftir umsóknum í janúar. Sex styrir voru veittir til Ara Páls Kristinssonar, Kristjáns Árnasonar, Jóhanness G. Jónssonar, Sigríðar Sigurjónsdóttur, Kristjáns Jóhanns Jónssonar og Fjalars Sigurðssonar. Heildaruppþæð styrkja nam kr. 10,2 milljónum.
- Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar veitti styrk á árinu. Styrkinn hlaut Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir, meistaranemi í kynjafræði við HÍ, að upphæð kr. 1.200.000.

## Skýrsla stjórnar

- Í apríl voru veittir fjórtán styrkir úr Watanabe-styrktarsjóðnum við Háskóla Íslands. Ellefu nemendur og starfsmenn Háskóla Íslands hlutu styrk ásamt þremur nemendum og starfsmönnum japanskra háskóla. Þetta var í sjöunda sinn sem úthlutað var úr sjóðnum, sem var stofnaður árið 2008 af Toshizo Watanabe. Styrkhafar voru: Elena Olekseevna Zobova, BA-nemi í japönsku máli og menningu, sem hlýtur styrk til skiptináms við Waseda-háskóla í Tókýó. Raket Sylvía Björnsdóttir, BA-nemi í japönsku máli og menningu, sem hlýtur styrk til skiptináms við International Christian University í Tókýó. Unnur Bjarnadóttir, nemi í japönsku máli og menningu, latínu og þýðingarfræðum, sem fær styrk til náms við Nagoya-háskóla í samnefndri borg. Anna Maria Toma, BS-nemi í læknisfræði, sem hlýtur styrk til námsdvalar við læknadeild Hokkaido-háskóla til að vinna að BS-verkefni sínu. Anna er jafnframt fyrsti læknaneminn frá Háskóla Íslands sem það gerir. Marta Ólafsdóttir, kandídatsnemi í læknisfræði, sem fær styrk til eins mánaðar starfsþjálfunar við háskóla í Japan sem býður upp á læknisfræði og tengist Alþjóðasamtökum læknanema (IFMSA). Ragnheiður Kristín Pálsdóttir, MA-nemi í safnafræðum, sem hlýtur styrk til hálf mánaðar dvalar í Japan til þess að undirbúa sýningu japanska ljósmyndarans Ariko Inaoka hér á landi en áætlað er að hún fari fram á árinu 2017. Jovana Alkalaj, doktorsnemi í jarðvísindum, sem hlýtur styrk til eins mánaðar rannsóknardvalar við Shinshu-háskóla í Japan. Megumi Nishida, doktorsnemi í menntavísindum, sem hlýtur styrk til eins mánaðar rannsóknardvalar við Kennaraháskóla Hokkaido með það fyrir augum að efla rannsóknasamstarf milli skólans og Háskóla Íslands á sviði menntavísinda. Uta Reichardt, doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræðum, sem fær styrk til þriggja mánaða dvalar við Rannsóknamiðstöð um hamfarastjórnun (Disaster Prevention Research Institute) í Kyoto. Irma Erlingsdóttir, dósent við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda og forstöðumaður Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem hlýtur styrk til að sækja ráðstefnuna World Assembly for Women við Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó ásamt því að heimsækja tvo japanska háskóla þar sem hún mun flytja erindi tengd kynjafræði og leita rannsóknasamstarfs. Ruth Mary Shortall, nýdoktor í umhverfis- og auðlindafræði, sem fær styrk til mánaðardvalar í Tókýóháskóla þar sem hún hyggst kynna sér stefnumörkun í nýtingu jarðvarma í Japan og bera saman við stefnumörkun í málaflokknum hér á landi. Yui Tamitani, BA-nemi í hnattrænum fræðum við International Christian University í Tókýó, sem hlýtur styrk til skiptináms við Háskóla Íslands þar sem hún hyggst leggja stund á íslensku sem annað mál. Fumiko Itoh, dósent í sameindalíffræði við Lyfjafræði- og lífvísindaháskóla Tókýóborgar, sem hlýtur styrk til tveggja vikna rannsóknardvalar við Lífvísindasetur Háskóla Íslands. Þar hyggst hún vinna með Guðrúnu Valdimarsdóttur, lektor við Læknadeild, og kynna sér stofnfrumurannsóknir við setrið. Yuhiji Yamamoto, dósent í jarðeðlisfræði við Koichi-háskóla, sem fær styrk til tveggja vikna dvalar á Íslandi til rannsóknastarfa sem snúa að breytingum á segulsviði jarðar og til að leita rannsóknasamstarfs á þessu sviði.
- Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar veitti í fyrsta skipti styrk úr sjóðnum í júní. Styrkurinn var veittur til rannsóknar sem miðar að því að kanna hvort andlegur innblástur eigi við í nútímanum í sköpun lista og þá með hvaða hætti og var styrkhafi Melkorka Edda Freysteinsdóttir sem vann að meistaraverkefni í list- og verkgreinum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Styrkupphæð nam kr. 150.000.
- Íslensk-danski orðabókasjóðurinn veitti styrk í ágúst til Stofnunar Árna Magnússonar til útgáfu á íslensk-danskri orðabók til að bæta leit á vefnum. Styrkupphæð var kr. 3,6 milljónir.
- Í október var veittur styrkur úr Sjóði Sigríðar Lárusdóttur en auglýst var eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í mars. Styrkhafar voru Halldór Jónsson Jr., prófessor og sérfræðingur í bæklunarlækningum og Kristín Briem, prófessor við námsbraut í sjúkráþjálfun. Heildarupphæð styrkja var 1,5 milljónir króna.
- Eggertssjóður veitti styrki til til þriggja rannsókna og tvo til tækjakaupa í október. Styrkhafar rannsókna voru: Dr. Isabel Pilar Catalan Barro, Dr. Sævar Ingbórsson og Dr. Porkell Guðjónsson. Styrkur til tækjakaupa var til kaupa á hágæða víðsjá með stafrænni myndavél á Jarðvísindastofnun og Jarðvísindadeild Háskóla Íslands og Leica-víðsjá með stafrænni myndavél á Líf- og umhverfivísindastofnun, Háskóla Íslands. Heildarupphæð styrkja nam kr. 5.150.000.
- Í maí var í níunda sinn auglýst eftir umsóknum um styrki úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við Háskóla Íslands. Í júní fengu tuttugu og áttaafburðanemendur, sem hófu nám við Háskóla Íslands haustið 2016, styrk úr sjóðnum.
- Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar veitti sex styrki til doktorsnema við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands í nóvember. Styrkhafar voru: Ana Margarida Pinto e Costa, Xiaxia Di, Maonian Xu, Sunna Jóhannesdóttir, Phennapha Saokham, André Rodrigues sá Couto. Heildarupphæð styrkja var kr. 2,1 milljón.

## Skýrsla stjórnar

- Veitt var í fyrsta skipti styrkjum úr Ingjaldssjóði en sjóðurinn var stofnaður í nóvember 2015. Þrír styrkir voru veittir til nemenda í framhaldsnámi í viðskiptafræði og tónlistarnámi, í samræmi við tilgang og markmið sjóðsins. Styrkhafar voru: Ingibjörg Friðriksdóttir, söngkona, tónskáld og hljóðlistakona sem er í meistaranámi við Center for Contemporary Music (CCM) í Mills College í San Fransisco í Bandaríkjunum, Ólafur Bogason, í framhaldsnámi í tónlistarverkfræði (e. Music technology) við McGill-háskóla í Montreal í Kanada og Lena Katarina Lobers, meistaranemi í viðskiptafræði við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, CBS. Heildarupphæð styrkja var kr. 1,8 milljónir.
- Í október var veittur einn styrkur úr Sjóði Sigríðar Lárusdóttur til rannsókna á sviði bæklunarlækninga með áherslu á stoðkerfissjúkdóma. Styrkurinn var auglýstur til umsóknar í mars. Styrkhafi var: Stefán Ólafsson, sjúkrapjálfari MTc. Styrkupphæð var kr. 500.000.
- Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttir veitti styrk til að standa straum af útgáfu fræðirita á vegum stofnunarinnar. Þau voru: Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu 2014 og 2015, Heimar mætast - Smásögur frá Mexíkó, Frá Púshkín til Pasternaks – kennslubók í rússneskum bókmenntum fyrir nemendur í rússnesku og Hafíð starfar í þögn minni - þýðingar á ljóðum eftir Pablo Neruda. Heildarupphæð styrkja var kr. 1.990.000.
- Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emeritus í félagsráðgjöf, færði Styrktarsjóðum Háskóla Íslands sjóð sinn að upphæð kr. 8,2 milljónir en hún stofnaði sjóðinn árið 2002 til að efla og styrkja rannsóknir í félagsráðgjöf á sviði barna- og fjölskyldumálefna. Megintilgangur sjóðsins er að efla doktorsnám og sérfræðiþekkingu í félagsráðgjöf.
- Í desember voru veittir tveir styrkir til doktorsnema í hjúkrunarfræði úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur en styrkirnir voru auglýstir til umsóknar á vormánuðum. Styrkhafar voru: Jóna Ingibjörg Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur og Guðrún Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur. Heildarupphæð styrkja var kr. 700.000.
- Í desember var auglýst eftir umsóknum um doktorsstyrki við Háskóla Íslands úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir úthlutun á vormánuðum 2017.
- Í desember fór fram árleg úthlutun úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents. Afburðanemandi, sem hlaut hæstu meðaleinkunn eftir annað ár í námi við verkfræðideildir skólans, hlaut viðurkenningu fyrir námsárangur. Styrkhafi var Þjóðbjörg Eiríksdóttir, BS-nemi í rafmagns- og tölvuverkfræði. Upphæð styrksins var kr. 300.000.

Veittir voru samtals 481 styrkir úr sjóðum Háskóla Íslands á árinu, 371 ferðastyrkur úr Sáttmálasjóði, 36 doktorsstyrkir þar af 6 styrkir úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins og 26 styrkir úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, 28 nýnemastyrkir voru veittir úr Afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands og 46 styrkir úr öðrum sjóðum sem heyra undir Styrktarsjóði Háskóla Íslands.

Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu sjóðanna á árinu 2016.

Í sameiginlegum ársreikningi Styrktarsjóða Háskóla Íslands árið 2016 eru ársreikningar 58 sjálfstæðra sjóða og hefur því fjölgað um tvo frá fyrra ári. Sjóður Selmu og Kays Langvads er ekki hluti af ársreikningnum í ár þar sem fjárhagsupplýsingar bárust ekki tímanlega og hafa samanburðarfjárhæðir verið leiðréttar til samræmis við það.

# Skýrsla stjórnar

## Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir sjóðina árið 2016 eru þessar:

Hrein eign Styrktarsjóða Háskóla Íslands í árslok 2016 nam kr. 2.415.978.854 og voru gjöld umfram tekjur á árinu kr. 58.954.910. Hrein eign Styrktarsjóðanna hækkaði á árinu um 186.413.727 kr., úr kr. 2.229.565.127 í kr. 2.415.978.854. Heildareignir Styrktarsjóðanna í vörslu Íslandsbanka voru kr. 1.688.978.054. Íslandsbanki náði ekki að uppfylla kröfu fjárfestingarstefnu Styrktarsjóðanna um 3,5% langtímarauðvöxtun. Ávöxtun safnsins í vörslu Íslandsbanka var jákvæð um 2,75% að nafnvirði frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016. Raunávöxtun fyrir sama tímabil var 0,84%.

- Bókfærður tap sjóðanna árið 2016 var kr. 58.954.910, saman borið við kr. 17.275.462 kr. hagnað árið 2015. Munur milli ára skýrist helst af lægri ávöxtun og endurbótum á fasteign Menningar og framfarsjóðs Ludvig Storr.
- Heildareign allra sjóða 31. desember 2016, samkvæmt reikningskilunum, nam kr. 2.504.554.926.
- Nafnávöxtun eigna styrktarsjóðanna sem voru í umsjón Íslandsbanka var jákvæð um 2,75%.
- Ávöxtun heildareigna var jákvæð um 2,50%.

Meðfylgjandi er samantekinn rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir sjóði og gjafir í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 2016, ásamt skýringum og sundurliðun eftir sjóðum. Einnig fylgja rekstrar- og efnahagsreikningar einstakra sjóða og gjafa í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands, ásamt skýringum.

Stjórn og umsjónaraðilar Styrktarsjóða Háskóla Íslands staðfesta hér með ársreikning sjóðs fyrir árið 2016 með áritun sinni.

Reykjavík, 20. júní 2017



Gylfi Magnússon  
formaður stjórnar



Jóhann Ómarsson  
meðstjórnandi



Helga Brá Arnadóttir  
verkefnastjóri Styrktarsjóða Háskóla Íslands



Ása Ólafsdóttir  
meðstjórnandi



Jenný Bára Jensdóttir  
fjármálastjóri Háskóla Íslands

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórna styrktarsjóða Háskóla Íslands

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikninga styrktarsjóða Háskóla Íslands fyrir árið 2016, sem eru 58 talsins. Sameiginlegur ársreikningur styrktarsjóða Háskóla Íslands er samtala þessara ársreikninga. Sameiginlegur ársreikningur hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðanna á árinu 2016, efnahag þeirra 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð sjóðunum samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðanna. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sjóðanna að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sjóðanna á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sjóðina upp eða hætta rekstri þeirra, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sjóðanna. Stjórnendum sjóðanna ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þeirra til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fólsum, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðanna.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.


Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sjóðirnir verði ekki lengur rekstrarhæfir.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 20. júní 2017

**PricewaterhouseCoopers ehf.**



Ljósbrá Baldursdóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Sameiginlegur rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýringar	2016	2015
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....	8	5,377,708	2,842,412
Verðhækkun verðbréfa .....	3, 9	59,097,112	77,460,621
Fjármagnstekjuskattur .....	14	(4,631,847)	(21,032,620)
		<u>59,842,973</u>	<u>59,270,413</u>
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlög .....	10	3,333,000	1,379,964
Aðrar tekjur .....	11	53,536,496	32,962,193
		<u>56,869,496</u>	<u>34,342,157</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Veittir styrkir .....	12	43,942,174	28,107,295
Annar rekstrarkostnaður .....	13	131,725,205	48,229,814
		<u>175,667,379</u>	<u>76,337,109</u>
<b>Gjöld umfram tekjur</b>	<b>7</b>	<b><u>(58,954,910)</u></b>	<b><u>17,275,462</u></b>

## Sameiginlegur efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýringar	2016	2015
<b>Eignir</b>			
Fasteign .....	2, 17	374,750,000	215,650,000
Verðbréfasjóðir og hlutabréf .....	4, 16	1,725,771,594	1,825,995,866
Aðrar eignir .....	18	107,990,347	91,617,874
Innstæður á bankareikningum .....	5, 15	296,042,985	175,992,658
		<u>2,504,554,926</u>	<u>2,309,256,398</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>2,504,554,926</u></b>	<b><u>2,309,256,398</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll .....	6, 7, 19	2,355,726,883	2,118,423,250
Þýðingarmunur .....		60,251,971	111,141,877
		<u>2,415,978,854</u>	<u>2,229,565,127</u>
<b>Skuldir</b>			
Fjármagnstekjuskattsskuldbinding vegna verðbréfasjóða .....		60,287,175	56,470,106
Skammtímaskuldir .....	20	28,288,894	23,221,162
		<u>88,576,069</u>	<u>79,691,268</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>2,504,554,926</u></b>	<b><u>2,309,256,398</u></b>



## Sjóðstreymi ársins 2016

	Skýringar	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
(Tap) hagnaður ársins .....		(58,954,910)	17,275,462
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Gengisbreyting verðbréfaeigna .....		23,530,153	(159,684,541)
Hækkun fjármagnstekjuskattsskuldbindingar .....		3,817,070	20,465,622
		<u>(31,607,687)</u>	<u>(121,943,457)</u>
(Hækkun) lækkun rekstartengdra eigna:			
Aðrar eignir .....		(16,372,473)	1,365,090
Hækkun rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		5,067,732	5,795,233
		<u>(11,304,741)</u>	<u>7,160,323</u>
<b>Handbært fé (til rekstrar)</b>		<u>(42,912,428)</u>	<u>(114,783,134)</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Kaupverð verðbréfa .....		(65,336,597)	(334,724,063)
Söluverð verðbréfa .....		109,476,961	190,700,807
Afborgun verðbréfa .....		32,553,754	35,148,925
		<u>76,694,118</u>	<u>(108,874,330)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Innborgað stofnfé .....		137,158,543	99,654,507
		<u>137,158,543</u>	<u>99,654,507</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		170,940,233	(124,002,957)
Handbært fé í byrjun tímabils .....		175,992,658	290,939,859
Þýðingarmunur .....		(50,889,906)	9,055,757
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>296,042,985</u></u>	<u><u>175,992,658</u></u>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

### 1.3 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2017. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

### 1.4 Innlausn tekna

Styrkir, leigutekjur og önnur framlög eru tekjufærð þegar til þeirra stofnast og þau eru innheimt.

### 1.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 1.6 Fasteign

Fasteign sem er í eigu Menningar- og framfarasjóðs Ludvig Storr er færð til eignar á fasteignamati sem var í gildi í desember 2016. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til.

### 1.7 Verðbréfasjóðir

Verðbréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru metin á opinberu gengi í lok desember 2016. Virði annarra verðbréfa er háð mati sjóðsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni. Sértek niðurfærsla er færð telji sjóðurinn þörf á því.

# Skýringar

## 1.8 Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

## 1.9 Aðrar eignir

Aðrar eignir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfalinna vaxta þar sem við á.

## 1.10 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

## 1.11 Fjármagnstekjuskattskuldbinding

Í sameiginlegum rekstrar- og efnahagsreikningi Styrktasjóða HÍ er færð fjármagnstekjuskattskuldbinding vegna verðbréfasjóða í vörslu Landsbanka Íslands og Íslandsbanka.

# Skýringar

## 2. Fasteign

	Fasteign	Samtals
<b>Árslok 2015:</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	209,400,000	209,400,000
Sérstakt endurmat fasteigna .....	<u>6,250,000</u>	<u>6,250,000</u>
Bókfært verð í árslok .....	<u>215,650,000</u>	<u>215,650,000</u>
	Fasteign	Samtals
<b>Árslok 2016:</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	215,650,000	215,650,000
Sérstakt endurmat fasteigna .....	<u>159,100,000</u>	<u>159,100,000</u>
Bókfært verð í árslok .....	<u>374,750,000</u>	<u>374,750,000</u>

Fasteignir sjóðanna í árslok 2016 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, leigulóð	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Laugavegur 15, Reykjavík .....	<u>295,550,000</u>	<u>79,200,000</u>	<u>301,700,000</u>	<u>374,750,000</u>
	<u>295,550,000</u>	<u>79,200,000</u>	<u>301,700,000</u>	<u>374,750,000</u>

## 3. Hækkun verðbréfa

	2016	2015
Hækkun verðbréfa greinist þannig:		
Söluhagnaður, sölutap og gengisbreyting verðbréfa .....	47,889,311	69,287,755
Vaxtatekjur .....	<u>11,207,801</u>	<u>8,172,866</u>
	<u>59,097,112</u>	<u>77,460,621</u>

## 4. Verðbréfasjóðir og hlutabréf

Verðbréfaeign sjóðanna skiptist niður á vörsluaðila á eftirfarandi hátt:

Íslandsbanki .....	1,688,978,054	1,787,207,010
Landsbanki Íslands .....	22,643,377	26,494,149
Danske Bank .....	71,930	119,446
Arion banki .....	3,423,163	3,439,024
Aðrir .....	<u>10,655,070</u>	<u>8,736,237</u>
	<u>1,725,771,594</u>	<u>1,825,995,866</u>

## 5. Handbært fé

Handbært fé skiptist niður á vörsluaðila á eftirfarandi hátt:

Íslandsbanki .....	212,518,551	99,787,232
Landsbanki Íslands .....	82,578,662	75,106,611
Arion banki .....	82,711	98,036
Danske Bank .....	<u>863,061</u>	<u>1,000,779</u>
	<u>296,042,985</u>	<u>175,992,658</u>

# Skýringar

## 6. Eigið fé

### Þýðingarmunur

Þýðingamunur samanstendur af gengismun sem myndast við yfirfærslu ársreiknings Watanabe styrktarsjóðs úr USD yfir í íslenskar krónur.

### Yfirlit um breytingar á höfuðstól

	Höfuðstóll	Þýðingarmunur	Samtals
<b>Hreyfingar 2015:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	1,995,243,281	102,086,120	2,097,329,401
Innborgað stofnfé v/Ingjaldssjóðs .....	70,000,000	0	70,000,000
Innborgað stofnfé v/Íslensk-dansks orðabókasjóðs .....	29,654,507	0	29,654,507
Br. á fasteignamati Laugavegs 15 - Minnsj. Ludvig Storr .....	6,250,000	0	6,250,000
Tekjur umfram gjöld .....	17,275,462	0	17,275,462
Þýðingarmunur - Watanabe styrktarsjóður .....	0	9,055,757	9,055,757
Staða í árslok .....	<u>2,118,423,250</u>	<u>111,141,877</u>	<u>2,229,565,127</u>
	Höfuðstóll	Þýðingarmunur	Samtals
<b>Hreyfingar 2016:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	2,118,423,250	111,141,877	2,229,565,127
Innborgað stofnfé v/Ranns.sj. Össur og Ottoman .....	130,365,450	0	130,365,450
Innborgað stofnfé v/Sigrúnarsjóðs .....	6,793,093	0	6,793,093
Br. á fasteignamati Laugavegs 15 - Minnsj. Ludvig Storr .....	159,100,000	0	159,100,000
Gjöld umfram tekjur .....	(58,954,910)	0	(58,954,910)
Þýðingarmunur - Watanabe styrktarsjóður .....	0	(50,889,906)	(50,889,906)
Staða í árslok .....	<u>2,355,726,883</u>	<u>60,251,971</u>	<u>2,415,978,854</u>

## 7. Tekjur umfram gjöld og hrein eign sundurliðuð eftir sjóðum

	Tekjur umfram gjöld		Hrein eign	
	2016	2015	2016	2015
Almanakssjóður.....	3,240,472	3,927,431	123,702,372	120,461,901
Columbiasjóður.....	497,003	1,021,519	19,178,248	18,681,245
Det Danske Selskabs Studenterlegat.....	(10,006)	6,306	542,968	552,975
Eggertssjóður.....	(2,134,965)	1,374,224	114,953,120	117,088,086
Forlagsbogh., Dr. Phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse.....	(210,219)	(155,785)	933,256	1,143,474
Framfarasj. B. H. Bjarnasonar kaupmanns.....	(17,151)	(7,959)	273,235	290,385
Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs.....	3,103,481	6,223,260	118,097,397	114,993,915
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar.....	173,320	372,369	7,464,744	7,291,423
Gjóf Framkvæmdabanka Ísl. til að skreyta hátíðarsal HÍ.....	121,242	268,381	5,498,452	5,377,210
Gjóf Gunnars Th. Bjargmundssonar.....	(4,600)	17,102	747,113	751,712
Gjóf Soffíu Jónsdóttur Sörensen.....	96,330	218,636	4,557,836	4,461,507
Háskólasjóður.....	(7,747,780)	1,880,750	184,156,926	191,904,706
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands í vörslu HÍ.....	607,770	1,239,871	23,868,059	23,260,289
Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur.....	(8,662)	8,735	609,223	617,885
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar.....	83,709	193,435	4,081,335	3,997,626
Ingjaldssjóður.....	299,483	753,552	71,053,035	70,753,552
Íslensk - danskur orðabókasjóður.....	(2,563,244)	837,044	27,928,307	30,491,551
Legat Guðmundar Magnússonar og Katrínar Skúladóttur.....	277,649	580,689	11,403,805	11,126,156
Menningar og framfarasjóður Ludvig Storr.....	(57,825,236)	4,295,845	470,231,761	368,956,997
Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar.....	2,130,925	4,281,277	81,377,062	79,246,137
Minningarsjóður Bjargar og Magnúsar.....	1,020,264	1,329,799	39,670,317	38,650,052
Minningarsj. dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors.....	48,426	117,225	3,014,393	2,965,968
Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar.....	644,976	1,314,162	25,272,801	24,627,825
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur.....	(47,089)	42,762	1,122,404	1,169,493
Minningarsjóður John MaKenna Pearson.....	551,122	1,126,755	21,729,195	21,178,073
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings.....	64,370	154,819	3,351,145	3,286,776
Minningarsjóður norskra stúdenta.....	40,168	106,494	2,437,388	2,397,220
Minningarsjóður Theódórs Johnson.....	661,643	1,347,444	25,902,115	25,240,472
Minningarsj. um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi.....	105,409	236,764	4,900,634	4,795,225
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents.....	615,368	882,914	4,864,708	4,249,341
Norðmannsgjöf.....	865,729	1,754,959	33,607,693	32,741,964
Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur.....	(315,138)	132,558	10,044,937	10,360,075
Rannsóknarsjóður Össur og Ottobock.....	(20,734,527)	0	109,630,923	0
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar.....	275,029	537,576	10,588,059	10,313,029
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands.....	16,279,516	666,308	117,725,285	101,445,769
Sigrúnarsjóður.....	1,734,990	409,636	8,528,083	6,793,093
Sjóðasafn Háskóla Íslands.....	1,003,902	2,053,230	39,092,406	38,088,503
Sjóður Árna Magnússonar.....	492,288	1,009,279	19,507,861	19,015,573
Sjóður Nielsar Dungals prófessors.....	136,609	299,065	6,078,655	5,942,046
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli.....	516,103	1,056,831	20,407,016	19,890,913
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur.....	(1,106,812)	486,223	18,717,238	19,824,050
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	489,456	1,003,622	19,461,745	18,972,289
Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands.....	39,331	104,821	2,405,761	2,366,430
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	60,895	146,347	3,164,457	3,103,562
Styrktarsjóður Aslaugar Hafliðadóttur.....	(7,223,950)	(2,025,022)	114,127,138	121,351,089
Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar.....	(86,454)	158,008	3,259,030	3,345,484
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands.....	436,249	897,381	17,392,025	16,955,776
Styrktarsj. Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar.....	(737,672)	1,169,456	21,226,437	21,964,109
Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur.....	340,104	705,399	13,761,903	13,421,799
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	(1,404,086)	1,207,147	22,042,344	23,446,430
Styrktarsj. Þorbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur.....	667,203	793,148	27,958,579	27,291,376
Sögusjóður stúdenta.....	35,082	96,337	2,245,327	2,210,245
Tækjasjóður Verkfræðideildar - Landmælingar.....	36,305	98,780	2,291,525	2,255,221
Verðlaunasjóður Alfreds Benson.....	62,376	150,838	3,275,865	3,213,489
Verðlaunasj. Bergþóru og Þorsteins Sch. Thorsteinssonar.....	(1,792,670)	237,775	16,178,470	17,971,140
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis.....	734,664	650,672	28,659,117	27,924,453
Þórsteinssjóður.....	935,914	653,372	36,489,409	35,553,494
Watanabe styrktarsjóðurinn.....	9,307,544	(10,298,846)	345,475,386	387,057,748
Fjármagnstekjuskattsskuldbinding vegna verðbréfasjóða.....	(3,817,070)	(20,465,622)	(60,287,175)	(56,470,106)
	<b>(58,954,910)</b>	<b>17,275,462</b>	<b>2,415,978,854</b>	<b>2,229,565,127</b>

## 8. Vaxtatekjur sundurliðaðar eftir sjóðum

	2016	2015
Almanakssjóður.....	11,843	9,693
Columbiasjóður.....	0	0
Det Danske Selskabs Studenterlegat.....	0	0
Eggertssjóður.....	0	0
Forlagsboghandler, Dr. Phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse.....	33,080	7,587
Framfarasjóður B. H. Bjarnasonar kaupmanns.....	0	0
Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs.....	0	0
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar.....	0	0
Gjöf Framkvæmdabanka Íslands til að skreyta hátíðarsal Háskóla Íslands.....	0	0
Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar.....	0	0
Gjöf Soffiu Jónsdóttur Sørensen.....	0	0
Háskólasjóður.....	25,876	21,377
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands í vörslu Háskóla Íslands.....	0	0
Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur.....	250	162
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar.....	0	0
Ingjaldssjóður.....	0	0
Íslensk - danskur orðabókasjóður .....	1,327,222	1,159,242
Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur.....	0	0
Menningar og framfarasjóður Ludvig Storr.....	2,423,561	176,613
Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar.....	0	0
Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúasar Jónassonar bónda.....	0	0
Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors.....	7,533	6,223
Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar til eflingar íslenskum fræðum.....	0	0
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur.....	0	0
Minningarsjóður John MaKenna Pearson.....	0	0
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings.....	0	0
Minningarsjóður norskra stúdenta.....	0	0
Minningarsjóður Theódórs Johnson.....	0	0
Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi.....	0	0
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents.....	0	0
Norðmannsgjöf.....	0	0
Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur.....	39,060	21,965
Rannsóknarsjóður Óssur og Ottobock.....	1,006,704	0
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar.....	395	261
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands.....	53,644	42,176
Sigrúnarsjóður.....	333,657	263,981
Sjóðasafn Háskóla Íslands.....	228	103
Sjóður Árna Magnússonar.....	0	0
Sjóður Níelsar Dungals prófessors.....	0	0
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli.....	0	0
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur.....	0	0
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	960	634
Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands.....	0	0
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	0	0
Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur.....	0	1,206,457
Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar.....	0	0
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands.....	0	0
Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar.....	0	0
Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur.....	0	0
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	5,319	3,514
Styrktarsjóður Þorbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur.....	72,123	59,356
Sögusjóður stúdenta.....	0	0
Tækjasjóður Verkfræðideildar - Landmælingar.....	0	0
Verðlaunasjóður Alfreds Benson.....	0	0
Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala.....	0	0
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar lækni.....	0	0
Þorsteinssjóður.....	0	0
Watanabe styrktarsjóðurinn.....	36,253	127,049
	<b>5,377,708</b>	<b>2,842,412</b>

## 9. Verðhækkun verðbréfa sundurliðuð eftir sjóðum

	2016	2015
Almanakssjóður.....	3,316,837	6,584,413
Columbiasjóður.....	517,683	1,021,247
Det Danske Selskabs Studenterlegat.....	15,273	31,511
Eggertssjóður.....	3,201,996	6,547,078
Forlagsboghandler, Dr. Phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse.....	593	2,570
Framfarasjóður B. H. Bjarnasonar kaupmanns.....	7,996	17,153
Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs.....	3,186,560	6,289,084
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar.....	202,003	399,966
Gjöf Framkvæmdabanka Íslands til að skreyta hátíðarsal Háskóla Íslands.....	148,958	295,298
Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar.....	20,780	42,378
Gjöf Soffíu Jónsdóttur Sörensen.....	123,583	245,228
Háskólasjóður.....	2,694,701	10,418,850
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands í vörslu Háskóla Íslands.....	644,518	1,273,136
Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur.....	16,449	33,834
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar.....	110,728	219,863
Ingjaldssjóður.....	1,958,038	818,452
Islensk - danskur orðabókasjóður .....	0	0
Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur.....	308,268	609,647
Menningar og framfarasjóður Ludvig Storr.....	2,435,336	7,596,205
Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar.....	2,195,949	4,334,413
Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónssonar bónda.....	1,070,830	2,151,616
Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors.....	68,897	137,315
Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar til eflingar íslenskum fræðum.....	682,414	1,347,912
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur.....	31,002	65,185
Minningarsjóður John MaKenna Pearson.....	586,818	1,159,281
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings.....	91,030	180,994
Minningarsjóður norskra stúdenta.....	66,379	132,354
Minningarsjóður Theódórs Johnson.....	699,391	1,381,411
Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi.....	132,831	263,475
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents.....	128,514	219,677
Norðmannsgjöf.....	907,266	1,791,589
Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur.....	258,340	543,281
Rannsóknarsjóður Össur og Ottobock.....	0	0
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar.....	284,931	563,086
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands.....	350,771	695,391
Sigrúnarsjóður.....	34,344	0
Sjóðasafn Háskóla Íslands.....	1,053,863	2,080,486
Sjóður Árna Magnússonar.....	526,892	1,041,037
Sjóður Nielsar Dungals prófessors.....	164,610	326,183
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli.....	551,149	1,088,900
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur.....	536,015	1,108,316
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	523,270	1,033,858
Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands.....	65,526	130,670
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	85,962	170,957
Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur.....	3,176,681	4,728,062
Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar.....	90,236	184,204
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands.....	469,813	928,408
Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar.....	592,467	1,202,261
Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur.....	371,883	735,172
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	618,500	1,237,682
Styrktarsjóður Þorbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur.....	629,455	1,263,388
Sögusjóður stúdenta.....	61,198	122,130
Tækjasjóður Verkfræðideildar - Landmælingar.....	62,444	124,589
Verðlaunasjóður Alfreds Benson.....	88,999	176,987
Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala.....	488,571	993,150
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis.....	773,767	1,552,098
Þórsteinssjóður.....	982,121	2,001,176
Watanabe styrktarsjóðurinn.....	20,683,683	(2,181,986)
	<b>59,097,112</b>	<b>77,460,621</b>



## 10. Framlög sundurliðuð eftir sjóðum

	2016	2015
Almanakssjóður.....	0	0
Columbiasjóður.....	0	0
Det Danske Selskabs Studenterlegat.....	0	0
Eggertssjóður.....	0	0
Forlagsboghandler, Dr. Phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse.....	0	0
Framfarasjóður B. H. Bjarnasonar kaupmanns.....	0	0
Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs.....	0	0
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar.....	0	0
Gjöf Framkvæmdabanka Íslands til að skreyta hátíðarsal Háskóla Íslands.....	0	0
Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar.....	0	0
Gjöf Soffíu Jónsdóttur Sörensen.....	0	0
Háskólasjóður.....	0	0
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands í vörslu Háskóla Íslands.....	0	0
Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur.....	0	0
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar.....	0	0
Ingjaldssjóður.....	250,000	0
Íslensk - danskur orðabókasjóður.....	0	0
Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur.....	0	0
Menningar og framfarasjóður Ludvig Storr.....	0	0
Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar.....	0	0
Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda.....	0	0
Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors.....	0	0
Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar til eflingar íslenskum fræðum.....	0	0
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur.....	0	0
Minningarsjóður John MaKenna Pearson.....	0	0
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings.....	0	0
Minningarsjóður norskra stúdenta.....	0	0
Minningarsjóður Theódórs Johnson.....	0	0
Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi.....	0	0
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents.....	855,000	1,000,000
Norðmannsgjöf.....	0	0
Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur.....	228,000	379,964
Rannsóknarsjóður Össur og Ottobock.....	0	0
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar.....	0	0
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands.....	0	0
Sigrúnarsjóður.....	2,000,000	200,000
Sjóðasafn Háskóla Íslands.....	0	0
Sjóður Árna Magnússonar.....	0	0
Sjóður Níelsar Dungals prófessors.....	0	0
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli.....	0	0
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur.....	0	0
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	0	0
Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands.....	0	0
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	0	0
Styrktarsjóður Aslaugar Hafliðadóttur.....	0	0
Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar.....	0	0
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands.....	0	0
Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar.....	0	0
Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur.....	0	0
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	0	0
Styrktarsjóður Þorbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur.....	0	0
Sögusjóður stúdenta.....	0	0
Tækjasjóður Verkfræðideildar - Landmælingar.....	0	0
Verðlaunasjóður Alfreds Benson.....	0	0
Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala.....	0	0
Verðlaunasjóður Oskars Þórðarsonar læknis.....	0	0
Þorsteinssjóður.....	0	0
Watanabe styrktarsjóðurinn.....	0	0
	<b>3,333,000</b>	<b>1,379,964</b>

**11. Aðrar tekjur, s.s. gengishagnaður, leyfisgjöld, sóknargjöld, seld minningarkort, arður af hlutafé, óinnleystar tekjur sundurliðaðar eftir sjóðum**

	2016	2015
Almanakssjóður.....	0	0
Columbiasjóður.....	13,755	31,900
Det Danske Selskabs Studenterlegat.....	0	0
Eggertssjóður.....	0	0
Forlagsboghandler, Dr. Phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse.....	0	0
Framfarasjóður B. H. Bjarnasonar kaupmanns.....	0	0
Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs.....	0	0
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar.....	0	0
Gjöf Framkvæmdabanka Íslands til að skreyta hátíðarsal Háskóla Íslands.....	0	0
Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar.....	0	0
Gjöf Soffíu Jónsdóttur Sörensen.....	0	0
Háskólasjóður.....	0	0
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands í vörslu Háskóla Íslands.....	0	0
Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur.....	0	0
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar.....	0	0
Ingjaldssjóður.....	0	0
Íslensk - danskur orðabókasjóður .....	0	0
Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur.....	0	0
Menningar og framfarasjóður Ludvig Storr.....	37,517,658	32,871,387
Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar.....	0	0
Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda.....	0	0
Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors.....	0	1,000
Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar til eflingar íslenskum fræðum.....	0	0
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur.....	0	3,000
Minningarsjóður John MaKenna Pearson.....	0	0
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings.....	0	0
Minningarsjóður norskra stúdenta.....	0	0
Minningarsjóður Theódórs Johnson.....	0	0
Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi.....	0	0
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents.....	3,500	16,000
Norðmannsgjöf.....	0	0
Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur.....	2,000	2,000
Rannsóknarsjóður Össur og Ottobock.....	0	0
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar.....	23,091	6,000
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands.....	15,962,065	0
Sigrúnarsjóður.....	0	0
Sjóðasafn Háskóla Íslands.....	(5,906)	11,186
Sjóður Árna Magnússonar.....	0	0
Sjóður Nielsar Dungals prófessors.....	0	0
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli.....	0	0
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur.....	0	0
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	0	1,000
Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands.....	0	0
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	1,500	1,500
Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur.....	0	0
Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar.....	0	0
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands.....	0	0
Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar.....	0	0
Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur.....	0	0
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	0	0
Styrktarsjóður Þorbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur.....	18,833	17,220
Sögusjóður stúdenta.....	0	0
Tækjasjóður Verkfræðideildar - Landmælingar.....	0	0
Verðlaunasjóður Alfreds Benson.....	0	0
Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala.....	0	0
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis.....	0	0
Þorsteinssjóður.....	0	0
Watanabe styrktarsjóðurinn.....	0	0
	<b>53,536,496</b>	<b>32,962,193</b>

## 12. Veittir styrkir sundurliðaðir eftir sjóðum

	2016	2015
Almanakssjóður.....	0	2,596,000
Columbiasjóður.....	0	0
Det Danske Selskabs Studenterlegat.....	0	0
Eggertssjóður.....	5,150,000	5,000,000
Forlagsboghandler, Dr. Phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse.....	0	0
Framfarasjóður B. H. Bjarnasonar kaupmanns.....	0	0
Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs.....	0	0
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar.....	0	0
Gjöf Framkvæmdabanka Íslands til að skreyta hátíðarsal Háskóla Íslands.....	0	0
Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar.....	0	0
Gjöf Soffíu Jónsdóttur Sörensen.....	0	0
Háskólasjóður.....	0	0
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands í vörslu Háskóla Íslands.....	0	0
Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur.....	0	0
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar.....	0	0
Ingjaldssjóður.....	1,800,000	0
Íslensk - danskur orðabókasjóður.....	3,600,000	0
Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur.....	0	0
Menningar og framfarasjóður Ludvig Storr.....	0	0
Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar.....	0	0
Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda.....	0	680,000
Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors.....	0	0
Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar til eflingar íslenskum fræðum.....	0	0
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur.....	50,000	0
Minningarsjóður John MaKenna Pearson.....	0	0
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings.....	0	0
Minningarsjóður norskra stúdenta.....	0	0
Minningarsjóður Theódórs Johnson.....	0	0
Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi.....	0	0
